

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 655/1994 um framkvæmd almannatryggingalaga.

1. gr.

Eftirtalin reglugerð er felld brott:

Reglugerð um framkvæmd almannatryggingalaga nr. 655/1994.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. október 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

13. október 2003

Nr. 795

AUGLÝSING

um deiliskipulag vinnubúða við Kárahnjúka á Norður-Héraði.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Norður-Héraðs á fundi sem haldinn var 2. september 2003 samþykkt deiliskipulag vinnubúða við Kárahnjúka. Deiliskipulagssvæðið er 200 ha að stærð og er innan við Fremri Kárahnjúk vestan við Jökulsá á Brú.

Tilheyrandi greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Brúarási, 13. október 2003.

Jónas Þor. Jóhannsson, sveitarstjóri Norður-Héraðs.

22. október 2003

Nr. 796

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. nóvember 2003 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
Gasolía	0,66 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,35 kr. á kg
Flugvélabensín	0,75 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórnin í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 22. október 2003.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. nóvember 2003 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr.	40,56 pr.m ³
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr.	60,00 pr.m ³
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr.	16,22 pr.m ³
d) Mælagjald	kr.	14,57 pr. dag
e) Lokunargjald	kr.	2.786,00

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern mæli á Dalvík. Vegna hærra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m³.

3. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr.	141.693
og á m ³ þar yfir	kr.	178,30
og á m fram yfir 50 m	kr.	3.090

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimædagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti: Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald kr. 141.693

Fyrir hesthús að 700 m³ skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr., reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimædagjaldi hitaveitunnar.